

Nd.

41. Frumvarp til laga

[41. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinnsson.

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa fjármálaráðherrar mjög gripið til þeirrar heimildar sem er að finna í 20. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, en hún hljóðar svo:

„Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tiltekna tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það, sem undanþegið er í 6. og 7. gr.“

Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi heimild verði felld niður. Erfitt reynist að skilgreina hugtakið „sérstakar ástæður“ og getur túlkun þess orðið nokkuð persónubundin.

Flutningsmaður telur að heimildin hafi verið frjállega notuð og óviðunandi fyrir Alþingi að fjármálaráðherra geti á þennan hátt skipað sköttum án samráðs við Alþingi eða án samþykkis þess.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“ Ljóst virðist því að heimildargrein þessi og framkvæmd hennar getur vart samrýmst stjórnarskránni.

Rétt er að vekja athygli á því að heimild þessi hefur einnig verið túlkuð þannig að ráðherra geti á ný lagt söluskatt á þótt hann hafi áður felld hann niður. Dæmi er um slíkt.

Verði þetta frumvarp að lögum og heimild þessi felld úr gildi ber að líta svo á að þær undanþáguheimildir, sem ráðherrar hafa þegar veitt, gildi og þarf þá lög til að leggja söluskatt á aftur í þeim tilvikum.